



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn • Sími 464 4163 • skutustadahreppur@skutustadahreppur.is

www.skutustadahreppur.is

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi (frístundabyggð)

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar í Birkilandi við Voga samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vantsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stóri að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsæmli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrúnni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80°C og heitara greiðast 161 kr/m³.
- b) 70-79° 129 kr/m³.
- c) 69°C og kaldara 98 kr.

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka ef vanshiti breytist. Þar sem vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4.gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾" kr. 1.402
- b) Fyrir mæli 1"-2" kr. 2.824
- c) Fyrir mæli 3" og stærri kr. 5.628

5.gr

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur skal hann greiða fyrir það gjald kr.1.278.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reikningsins.

6.gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hverja heimæð kr. 536.087

Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er kr. 31.523

Lóðarhafar greiða auk heimtaugagjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber til tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem er í vanskilum auk kr. 2.555 í hvert skipti.

7.gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

8.gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtak á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr 58. 29.apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 20/2015.